


SAMANBURÐUR Á ORKUKOSTNAÐI
HEIMILA ÁRIÐ 2020



Samanburður á orkukostnaði heimila

Líkt og undanfarin ár, hefur Byggðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað á ársgrundvelli, við raforkunotkun og húshitun á sömu fasteigninni, á nokkrum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli.

Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki, en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu og 14.200 kWst með varmadælu. Gert er ráð fyrir að „loft í vatn“ varmadæla skili 50% sparnaði á raforku til húshitunar en orkusparnaðurinn er þó háður ýmsum þáttum (sjá í kaflanum Fyrirvari og aðrar upplýsingar). Árlegir útreikningar eru nú til frá árinu 2013 og eru uppfærðir eftir því sem ástæða þykir til. Við útreikninga þessa er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekin saman annarsvegar og hitunarkostnaður hins vegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september 2020.

Auk staðanna sem miðað var við síðustu ár hafa 22 nýir staðir nú bæst við og ná tölur fyrir þá alla aftur til 2014. Staðirnir eru Bifröst, Brautarholt á Skeiðum, Drangsnæs, Garður, Grenivík, Hofsós, Hrafnagil, Hrísey, Hvanneyri, Kjalarnes, Kópasker, Laugar í Reykjadal, Laugarvatn, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjahlíð, Sandgerði, Skagaströnd, Stokkseyri, Varmahlíð, Vík í Mýrdal og Vogar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru í meginatriðum fjögur svæði m.t.t. orkukostnaðar. Sami kostnaður er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar þar sem Veitur ohf. eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni sem og til reksturs hitaveitu. Það sem er frábrugðið í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar (þ.m.t. Álftanesi) er að HS Veitur eru með sérleyfið fyrir flutning og dreifingu á rafmagni. Þá eru Seltjarnarnes og Mosfellsbær á dreifisvæði Veitna en þar eru staðbundnar hitaveitur, hvor með sitt sérleyfið. Á Selfossi eru Selfossveitur með hitaveitu en HS Veitur hafa sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni í stærstum hluta bæjarins en RARIK í nýjasta hluta hans sem hefur verið að byggjast upp og því eru nú í gögnunum tvær kostnaðartölur fyrir raforku á Selfossi.

Þar sem þróun orkukostnaðar er sýnd á línuritum eru verð fyrri ára núvirt í samræmi við árlegt meðaltal vísitölu neysluverðs.


Samhliða þessari skýrslu kemur út mælaborð þar sem hægt er að skoða orkukostnað í fyrrnefndum byggðakjörnum á Íslandskorti, skoða raforku- og húshitunarkostnað sér, velja lágsta eða algengasta verð og bæta við útreikningi fyrir varmadælu fyrir staði með beina rafhitun. Mælaborðið er aðgengilegt á [heimasíðu Byggðastofnunar undir „Mælaborð“](#). Excel skrá með orkukostnaði árin 2014 til 2020 er jafnframt aðgengileg á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Þróunarsvið, 15. mars 2021
Þorkell Stefánsson

Raforka


Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.

Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst hjá Veitum: Í Mosfellsbæ, í Reykjavík, Kópavogi, austurhluta Garðabæjar, á Seltjarnarnesi og á Akranesi, um 79 þ.kr. (mynd 1). Hæsta gjald í þéttbýli er um 92 þ.kr. hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð eru áberandi hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 121 þ.kr. Lægsta mögulega raforkuverð heimila í dreifbýli er því um 54% hærra en lægsta mögulega verð í þéttbýli.




Mynd 1. Raforka, lægsta mögulega verð.

Munur á milli lægsta mögulega verðs og algengasta verðs hefur vaxið síðustu ár. Árið 2017 var munurinn mestur 2,1% á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi en fór í 3,8% árið 2018 og 4,7% 2019 á sömu stöðum. Nú er munurinn enn meiri og er nú mestur 5,4% (mynd 2).




Mynd 2. Raforka, hlutfallsmunur á lægsta mögulega og algengasta verði.

Lægsta mögulega raforkuverð hefur verið töluvert hærra í dreifbýli en í þéttbýli síðustu ár. Misjafnt er þó hvort verð í dreifbýli hafi verið hæst hjá RARIK eða Orkubúi Vestfjarða en árið 2020 voru þau nokkurn veginn jöfn (mynd 3). Verð í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða hefur hækkað mest síðan árið 2014, sérstaklega milli 2015 og 2017, en það hefur þó verið á niðurleið eftir 2017. Í dreifbýli er raforka greidd niður með svokölluðu dreifbýlisframlagi sem hefur áhrif á raforkuverð ásamt breytingum á gjaldskrá. Eins og áður kom fram er lægsta raforkuverðið nú hjá Veitum í þéttbýli og þar hefur verðið jafnframt verið að lækka mest (mynd 4). Fram til ársins 2018 hafði raforkuverð bæði hjá Norðurorku og hjá HS Veitum verið lægra en fékkst hjá Veitum.



Mynd 3. Raforka, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).



Mynd 4. Raforka, breyting lægsta verðs m.v. árið 2014.

Húshitun

Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn á milli svæða mun meiri en á raforkuverði. Lægsti mögulegi kostnaður þar sem húshitun er dýrust er um þrefalt hærrí en þar sem húshitun er ódýrust. Lægsta mögulega verð er hæst á stöðum þar sem þarf að notast við beina rafhitun, meðal annars á Grundarfirði, á Hólmavík, á Neskaupstað, á Reyðarfirði, í Vík og á Vopnafirði auk dreifbýlis á svæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða. Rafhitunarkostnaður hefur þó lækkað talsvert undanfarin ár vegna niðurgreiðslna á dreifi- og flutningskostnaði. Niðurgreiðslur vegna fjarvarma hafa einnig haft áhrif á verð þar sem slíkar veitur eru.


Auk þess getur húshitunarkostnaður, þar sem nú er bein rafhitun, lækkað umtalsvert með notkun varmadæla. Þeir sem eru með beina rafhitun í sínu íbúðarhúsnæði geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Þau svæði sem í þessari greiningu eru að öllu eða einhverju leyti með beina rafhitun eru eftirfarandi:

- Bolungarvík (einnig með kynta hitaveitu)
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Ísafjörður (einnig með kynta hitaveitu)
- Neskaupstaður
- Orkubú Vestfjarða – dreifbýli
- Patreksfjörður (einnig með kynta hitaveitu)
- RARIK – dreifbýli
- Reyðarfjörður
- Seyðisfjörður (einnig með kynta hitaveitu)
- Vestmannaeyjar (einnig með kynta hitaveitu)
- Vík í Mýrdal
- Vopnafjörður

Lækkun húshitunarkostnaðar í viðmiðunareign á þessum svæðum getur verið um kr. 100.000 á ársgrundvelli miðað við 50% sparnað með „loft í vatn“ varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu (fjarvarmaveitu) eða hitaveitu geta ekki fengið þessa eingreiðslu. Þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum ef útreikningar sýna fram á að það sé hagstæðara fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði að vera áfram með niðurgreidda rafhitun

heldur en hitaveitu. Þau íbúðarhúsnæði sem eru með beina rafhitun í Vestmannaeyjum, og eiga ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna, geta sótt um eingreiðslu.

Á stöðum sem þurfa að nota beina rafhitun er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareignina nú um 191 þ.kr., en með varmadælu er áætlað að hann geti lækkað í um 96 þ.kr. (mynd 5). Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Flúðum og Seltjarnarnesi um 66 þ.kr. og í Brautarholti á Skeiðum um 53 þ.kr.¹ og á þessum stöðum er því húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Húshitun með kyntri hitaveitu er fremur dýr þegar á heildina er litið, en þó eru dæmi um hefðbundnar hitaveitur sem eru álíka dýrar, svo sem á Grenivík (Norðurorka) og Kópaskeri (Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs).



Mynd 5. Húshitun, lægsta mögulega verð.


¹ Ath. óbreytt gjaldskrá síðan 2010.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun lægsta mögulega verðs fyrir húshitun frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. Upphæðir eru á verðlagi ársins 2020. Ýmsar aðrar ástæður en breytingar á gjaldskrár hitaveitna geta haft áhrif á þróun húshitunarkostnaðar, til dæmis niðurgreiðslur vegna rafhitunar og breytingar á virðisaukaskatti á húshitun. Til að mynda hækkaði virðisaukaskattur á húshitun úr 7% árið 2014 í 11% árið 2015 og árið 2016 breyttust svo niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar yfir í 100% niðurgreiðslur upp að 40.000 kWst á ári pr. húseign, en áður hafði aðeins hluti dreifi- og flutningskostnaðar verið niðurgreiddur.


Á höfuðborgarsvæðinu er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði 106 þ.kr. (mynd 6). Öll þessi bæjarfélög eru með hitaveitu frá Veitum ohf. og fyrir þau gilda sömu verð. Verðið hefur verið nokkuð stöðugt og aðeins hækkað um 1,5% frá 2014 ef miðað er við verðlag ársins 2020. Á Kjalarnesi er verðið nokkuð lægra eða um 91 þ.kr. og hefur lítið breyst frá 2014 eins og á öðrum stöðum þar sem Veitur ohf. eru með hitaveituna. Lægsti húshitunarkostnaður höfuðborgarsvæðisins er á Seltjarnarnesi hjá Hitaveitu Seltjarnarness, um 66 þ.kr., en hann hefur hækkað um 19,1% frá 2014. Húshitunarkostnaður í Mosfellsbæ hjá Hitaveitu Mosfellsbæjar er einnig með minna móti eða 82 þ.kr. og hefur lækkað um 3,6% síðan 2014.

Á Suðurnesjum eru öll bæjarfélögin með hitaveitu frá HS Veitum og verð og verðbreytingar eru svipuð alls staðar. Þar hefur lægsti húshitunarkostnaður hækkað um rúm 6% frá 2014. Lægsta verðið er í Reykjanesbæ 89 þ.kr. en í Suðurnesjabæ, Grindavík og Vogum er lægsti húshitunarkostnaður milli 94 og 96 þ.kr.

Á Vesturlandi eru öll byggðarlög í greiningunni með hitaveitu nema Grundarfjörður, þar sem er bein rafhitun. Á Grundarfirði er lægsti húshitunarkostnaður jafn þeim hæsta á landsvísu 191 þ.kr. en áætlað er að hann geti verið um 96 þ.kr. með varmadælu. Verð fyrir beina rafhitun hefur þó lækkað mikið síðan 2014 eða um 14,9% ef miðað er við verðlag ársins 2020 (mynd 7). Í Búðardal er hitaveita á vegum RARIK en húshitunarkostnaður er 162 þ.kr. og hefur hækkað um 1,8% frá 2014. Á Bifröst er hitaveita frá Veitum ohf., húshitun kostar 151 þ.kr. og hefur hækkað um 1,5% frá 2014. Á Akranesi er lægsta verð fyrir húshitun 114 þ.kr., í Stykkishólmi er lægsta verð 105 þ.kr. og í Borgarnesi og á Hvanneyri er það 97 þ.kr. Þessir staðir eru allir með hitaveitu frá Veitum ohf. og hefur verðhækkun verið um 1,3%.



Mynd 6. Húshitun á höfuðborgarsv. og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).




Mynd 7. Húshitun á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).


Á Vestfjörðum er hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Hólmavík (og öðrum stöðum þar sem er bein rafhitun) eða 191 þ.kr. fyrir viðmiðunareignina (mynd 8). Húshitunarkostnaður á Hólmavík hefur þó lækkað um 15,8% frá 2014. Í Bolungarvík, á Ísafirði og á Patreksfirði fæst lægsti húshitunarkostnaður jafnan með kyntri hitaveitu. Þar er lægsta verð fyrir kyndingu viðmiðunareignar 184 þ.kr. og hefur lækkað um 13,7% frá 2014. Á Reykhólum er hitaveita en lægsta verð fyrir húshitun þar er 136 þ.kr. og hefur lækkað um 2,6% síðan 2014. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Vestfjörðum er á Drangnesi, hjá Hitaveitu Drangness, 108 þ.kr. og hefur hækkað um 8,0% frá 2014.

Á Norðurlandi vestra eru allir þéttbýlisstaðirnir í greiningunni með hitaveitu. Hæsti húshitunarkostnaðurinn er hjá RARIK á Blönduósi og Skagaströnd 162 þ.kr. og hefur hækkað um 1,8% frá 2014. Á Hvammstanga er Hitaveita Húnaþings vestra en þar er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður 110 þ.kr. og hefur hækkað frá 2014 um 15,8%. Lægsti húshitunarkostnaður á Norðurlandi vestra er hjá Skagafjarðarveitum, í Varmahlíð og á Hofsósi um 90 þ.kr. og á Sauðárkróki 93 þ.kr. Húshitunarkostnaður þar hefur hækkað um 4% síðan 2014.

Á Norðurlandi eystra eru allir þéttbýlisstaðirnir í greiningunni einnig með hitaveitu. Hæsti húshitunarkostnaðurinn er nú á Grenivík hjá Norðurorku 186 þ.kr. og hefur hækkað um 11,6% frá 2014 (mynd 9). Á Kópaskeri er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður frá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs 183 þ.kr. og hefur lækkað um 2,2% síðan 2014. Á Siglufirði hefur lægsti húshitunarkostnaður verið sá sami í krónum talið síðan 2015, 153 þ.kr. miðað við verðlag 2020 hefur kostnaðurinn því lækkað undanfarin ár en lækkunin er 4,1% frá 2014. Í Reykjahlíð hjá Hitaveitu Skútustaðarhrepps er lægsti húshitunarkostnaður nú 106 þ.kr. og hefur lækkað um 2,6% frá 2014. Húshitunarkostnaður á Akureyri er nú 105 þ.kr. og hefur hækkað um 11,3% frá 2014. Svipuð hækkun hefur verið á húshitunarkostnaði í Hrísey sem er nú 101 þ.kr. og á Ólafsfirði og í Hrafnagili þar sem hann er 97 þ.kr. og 95 þ.kr. Á Dalvík er húshitunarkostnaður 97 þ.kr. og hefur hækkað um 5,6% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður á Norðurlandi eystra er á Laugum í Reykjadal 87 þ.kr. en hann hefur hækkað um 22,9% síðan 2014.




Mynd 8. Húshitun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).




Mynd 9. Húshitun á Norðurland eystra, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).

Á Austurlandi er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur á Reyðarfirði, á Neskaupstað og á Vopnafirði 191 þ.kr. Þar er bein rafhitun en verð fyrir hana hefur lækkað um tæp 15% frá 2014 (mynd 10). Á Seyðisfirði fæst lægsti húshitunarkostnaður jafnan með kyntri hitaveitu sem kostar nú 179 þ.kr. en hefur lækkað um 18,7% frá 2014. Á Eskifirði er hitaveita frá Hitaveitu Fjarðabyggðar, lægsti húshitunarkostnaður er 152 þ.kr. og hefur hækkað um 0,8%. Lægsti húshitunarkostnaður á Austurlandi er á Egilsstöðum hjá hitaveitu Egilsstaða og Fella 101 þ.kr. Hann hefur hækkað um 1,4% síða 2014.

Á Suðurlandi er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður hæstur í Vík 191 þ.kr. Þar er rafhitun sem hefur lækkað um 14,9% frá 2014. Á Höfn í Hornafirði var hitaveita tekin í notkun í árslok 2020 en fram að því fékkst lægsti húshitunarkostnaður jafnan með kyntri hitaveitu. Kostnaðartölur hér miðast við kyntu hitaveituna en hún kostaði 179 þ.kr. fyrir viðmiðunareignina árið 2020 og hafði lækkað um 18,7% frá 2014. Á Hvolsvelli er hitaveita frá Veitum ohf. sem kostar 157 þ.kr. og hefur hækkað um 1,3% síðan 2014. Í Vestmannaeyjum fæst lægsti húshitunarkostnaður með kyntri hitaveitu og er 149 þ.kr. en kostnaður þar hefur lækkað um 14,7% frá 2014. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er hitaveita frá Selfossveitum sem kostar 123 þ.kr. og hefur hækkað um 23,7% síðan 2014. Sama hækkun hefur átt sér stað á húshitunarkostnaði á Selfossi, en þar er hann nokkuð lægri eða 112 þ.kr. Hveragerði og Þorlákshöfn eru á veitusvæði Veitna ohf. og þar hefur húshitunarkostnaður hækkað um rúmt 1% frá 2014. Kostnaðurinn er 112 þ.kr. Hveragerði en 92 þ.kr. í Þorlákshöfn. Á Laugarvatni kemur heitt vatn frá Bláskógaveitu, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 74 þ.kr. og hefur hækkað um 6,0% síðan 2014. Á Flúðum hjá Hitaveitu Flúða er húshitunarkostnaður 67 þ.kr. og hefur hækkað um 8,7% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður á Suðurlandi er í Brautarholti á Skeiðum hjá Hitaveitu Brautarholts en þar hefur húshitunarkostnaður verið sá sami í krónum talið frá 2015, um 53 þ.kr. Kostnaðurinn hefur því lækkað um 9,2% síðan 2014 þegar miðað er við verðlag ársins 2020.



Mynd 10. Húshitun á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).




Mynd 11. Húshitun á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).

Heildarorkukostnaður

Ef horft er til lægsta mögulega verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt og undanfarin ár, hæstur í dreifbýli þar sem ekki er hitaveita 312 þ.kr. Heildarkostnaður í þéttbýli er hæstur 284 þ.kr. á Hólmavík og öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum þar sem er bein rafhitun og þar næst 279 þ.kr. á þéttbýlisstöðum utan Vestfjarða með beina rafhitun, þ.m.t. í Grundarfirði, á Neskaupstað, á Reyðarfirði og á Vopnafirði (mynd 12). Á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði er heildarorkukostnaður 277 þ.kr., á Höfn og Seyðisfirði 267 þ.kr. og á Blönduósi, í Búðardal og á Skagaströnd 250 þ.kr. Í Vestmannaeyjum er heildarorkukostnaður 230 þ.kr., í Hveragerði, á Eyrarbakka og á Stokkseyri er hann 204 þ.kr. og á Selfossi er kostnaðurinn 200 þ.kr. á veitusvæði RARIK en 193 þ.kr. hjá HS Veitum.

Í Stykkishólmi og á Akranesi er heildarorkukostnaður 193 þ.kr., á Húsavík og Egilsstöðum 189 þ.kr. og á Akureyri 188 þ.kr. Þá er heildarkostnaður í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar 187 þ.kr. Í Borgarnesi og á Dalvík er kostnaðurinn 185 þ.kr. en það er sami kostnaður og er í Reykjavík, í Kópavogi og í austurhluta Garðabæjar. Á Ólafsfirði er heildarorkukostnaður 184 þ.kr., á Sauðárkróki 181 þ.kr. og í Þorlákshöfn 180 þ.kr. Garður, Grindavík, Sandgerði og Vogar eru með svipaðan heildarorkukostnað 175-177 þ.kr. en í Reykjanesbæ er hann aðeins lægri eða 170 þ.kr.

Lægsti heildarorkukostnaður landsins er á Seltjarnarnesi 145 þ.kr. en þar næst á Flúðum 155 þ.kr. og í Mosfellsbæ 160 þ.kr.




Mynd 12. Orkukostnaður alls, lægsta mögulega verð.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun lægsta mögulega heildarorkukostnaðar frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. Upphæðir eru á verðlagi ársins 2020.


Á höfuðborgarsvæðinu er lægsti mögulegi heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareignina hæstur í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar 187 þ.kr. og hefur lækkað um 0,8% frá 2014 (mynd 13). Næst hæsti heildarorkukostnaður á höfuðborgarsvæðinu er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar 185 þ.kr. en þar hefur hann lækkað um 3,5% frá 2014. Á Kjalarnesi er heildarorkukostnaður 170 þ.kr. og hefur lækkað um 4% síðan 2014. Lægsti heildarkostnaður höfuðborgarsvæðisins er á Seltjarnarnesi 145 þ.kr., en hann hefur lækkað um 1,7% frá 2014. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á höfuðborgarsvæðinu er svo næst lægstur í Mosfellsbæ 160 þ.kr. og hefur lækkað um 6,5% síðan 2014.

Á Suðurnesjum er orkukostnaður alls staðar svipaður og hækkunin sú sama frá 2014 eða um 3%. Í Reykjanesbæ er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar nú 170 þ.kr. en í Grindavík, Vogum, Garði og Sandgerði er hann 175-177 þ.kr.

Á Vesturlandi er lægsti mögulegi heildarorkukostnaður hæstur á Grundarfirði, þar sem kynt er með rafmagni, um 279 þ.kr. en hefur þó lækkað um 11,5% frá 2014 (mynd 14). Í Búðardal er heildarkostnaður 250 þ.kr. og er nánast sá sami og árið 2014 miðað við verðlag ársins 2020. Á Bifröst er orkukostnaður alls 239 þ.kr. og hefur lækkað um 0,2%. Á Akranesi hefur heildarorkukostnaður lækkað um 3,4% frá 2014 og er nú 193 þ.kr., sami og í Stykkishólmi en þar hefur hann lækkað minna eða 0,7%. Lægsti heildarorkukostnaður Vesturlands er í Borgarnesi og á Hvanneyri 185 þ.kr. en hann hefur lækkað um 0,8% síðan 2014.



Mynd 13. Orkukostnaður alls á höfuðborgarsv. og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).




Mynd 14. Orkukostnaður alls á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).


Á Hólmavík er lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 284 þ.kr. (mynd 15), en þar og í öðru þéttbýli á Vestfjörðum með rafhitun er hæsti orkukostnaður í þéttbýli á Íslandi. Hann hefur þó lækkað talsvert frá 2014 eða um 10,4%. Bolungarvík, Ísafjörður og Patreksfjörður, sem hafa kynta hitaveitu koma þar næst með 277 þ.kr. heildarorkukostnað sem hefur lækkað um 8,7%. Á Reykhólum er heildarorkukostnaður 257 þ.kr. og hefur hækkað um 2,1% síðan 2014. Lægsti heildarorkukostnaður á Vestfjörðum er á Drangnesi 229 þ.kr., þrátt fyrir að þorpið sé skilgreint sem dreifbýli hvað varðar raforku, en þar hefur kostnaður hækkað um 8% frá 2014.

Á Norðurlandi vestra er lægsti mögulegi heildarorkukostnaður hæstur á Blönduósi og Skagatrönd 250 þ.kr. Hann er nánast sá sami nú og 2014 en hefur hækkað og lækkað aftur í millitíðinni. Á Hofsósi er orkukostnaður 211 þ.kr. og hefur hækkað um 3,0% frá 2014. Þó húshitunarkostnaður sé með lægra móti á Hofsósi, líkt og í Varmahlíð, er þorpið skilgreint sem dreifbýli hvað raforku varðar. Varmahlíð er hins vegar skilgreind sem þéttbýli og þar er lægsti heildarorkukostnaður á Norðurlandi vestra 178 þ.kr. Á Hvammstanga er heildarorkukostnaður 198 þ.kr. og hefur hækkað um 6,6% frá 2014. Á Sauðárkróki er næst lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á Norðurlandi vestra 181 þ.kr. og hefur hækkað um 0,4% síðan 2014.

Á Norðurlandi eystra er lægsti mögulegi heildarorkukostnaður hæstur á Grenivík 274 þ.kr. og á Kópaskeri 271 þ.kr. (mynd 16). Kostnaðurinn hefur hækkað um 6,5% á Grenivík frá 2014 en lækkað um 2,4% á Kópaskeri. Á Siglufirði hefur heildarkostnaður lækkað um 3,7% frá 2014 og er nú 241 þ.kr. Í Hrísey hefur hann hækkað um 6,2% og er 222 þ.kr. Þorpið Laugar í Reykjadal er skilgreint sem dreifbýli hvað raforku varðar og er því heildarorkukostnaðurinn þar ekki með því lægsta sem gerist í landshlutanum eins og húshitunarkostnaðurinn. Heildarorkukostnaður á Laugum er 208 þ.kr. og hefur hækkað um 10,1% frá 2014. Reykjahlíð skilgreinist sem þéttbýli og heildarorkukostnaður þar er nú 194 þ.kr. – nokkurn veginn sá sami og árið 2014 miðað við verðlag 2020. Heildarorkukostnaður er svipaður á Akureyri og Húsavík, um 188 þ.kr. en á Akureyri hefur hann hækkað um 9,0% frá 2014 á meðan hann hefur lækkað á Húsavík um 2,2%. Lægsti heildarorkukostnaður Norðurlands eystra er nú í Hrafnagili og á Ólafsfirði 183 til 184 þ.kr. og hefur hækkað um 4,0% frá 2014. Næst lægstur er kostnaðurinn á Dalvík 185 þ.kr. og hefur hækkað um 1,3% síðan 2014.




Mynd 15. Orkukostnaður alls á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).




Mynd 16. Orkukostnaður alls á Norðurlandi eystra, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).

Á Austurlandi er lægsti mögulegi heildarorkukostnaður hæstur í þéttbýli þar sem er bein rafhitun, á Neskaupstað, Reyðarfirði og Vopnafirði 279 þ.kr. (mynd 17). Kostnaðurinn hefur þó lækkað um 11% á þessum stöðum frá 2014. Á Seyðisfirði, þar sem er kynt hitaveita, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 267 þ.kr. og hefur lækkað um 14,1% síðan 2014. Á Eskifirði er heildarkostnaðurinn 240 þ.kr. og hefur lækkað um 0,6% frá 2014. Lægsti heildarorkukostnaður á Austurlandi er á Egilsstöðum 189 þ.kr. en hann hefur lækkað um 0,7% frá 2014 miðað við verðlag 2020.

Á Suðurlandi er mikill munur á lægsta mögulega heildarorkukostnaði viðmiðunareignar þar sem hann er hæstur og lægstur. Hæstur er hann á Vík í Mýrdal, þar sem er bein rafhitun, 279 þ.kr. (mynd 18). Kostnaður þar hefur lækkað um 11,5% frá 2014. Á Höfn er heildarorkukostnaður 267 þ.kr. árið 2020 og hafði lækkað um 14,1% frá 2014. Þar hefur hitaveita nú verið tekin í notkun en lægsti kostnaður fyrir árið 2020 er miðað við kynta hitaveitu. Á Hvalsvellum er heildarorkukostnaður 245 þ.kr. og hefur lækkað um 0,3% frá 2014. Í Vestmannaeyjum er heildarkostnaður 230 þ.kr. og hefur lækkað um 10,1% frá 2014. Í Hveragerði og á Eyrarbakka og Stokkseyri er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 204 þ.kr. Hann hefur lækkað um 0,6% í Hveragerði en hækkað á Eyrarbakka og Stokkseyri um 13,0%. Á Selfossi er heildarorkukostnaður 200 þ.kr. á dreifiveitusvæði RARIK og 193 þ.kr. þar sem HS Veitur eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu raforku. Heildarkostnaður hefur hækkað um 10,4% á svæði RARIK og 12,5% á svæði HS Veitna frá 2014. Á Laugarvatni er heildarorkukostnaður 195 þ.kr. og hefur hann hækkað um 3,7% frá 2014. Í Þorlákshöfn er heildarkostnaður 180 þ.kr. og í Brautarholti 174 þ.kr. en lækkun kostnaðar á báðum stöðum er um 1% frá 2014. Lægsti orkukostnaður alls er á Flúðum 155 þ.kr. og þar hefur hann hækkað um 1,7% síðan 2014.



Mynd 17. Orkukostnaður alls á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).



Mynd 18. Orkukostnaður alls á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2020 (verðl. ársins 2020).

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Hafa ber í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldskrá hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda. Útreikningarnir miðast við upplýsingar um hitastig sem hitaveiturnar skila inn til Orkustofnunar, gjaldskrár dreifiveitna, orkusölufyrirtækja og hitaveitna. Öll verð eru með sköttum og öðrum gjöldum.

Í útreikningum er áætlað að 50% sparnaður á húshitunarkostnaði náist með notkun „loft í vatn“ varmadælu. Sparnaðurinn er þó háður öðrum þáttum svo sem einangrun (þ.e. veggir, þak, gluggar og hurðir) og ástandi ofna- og lagnakerfis húsnæðisins. Auk þess getur notkunarhegðun breyst, t.d. að notandi hafi hlýrra innandyra, eftir að varmadæla er tekin í notkun. Sparnaður er jafnframt háður því að rétt stærð varmadælu sé valin.

Hér má sjá töflur um orkukostnað árin 2013 – 2020: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/graf-og-skrar>

Hér má sjá sambærilega skýrslu Bygðastofnunar um orkukostnað heimila árið 2019: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni>

Hér er tengill á vefsíðuna um eingreiðslur hjá Orkustofnun: <https://orkustofnun.is/orkustofnun/umsoknir/eingreidslur/>

Hér er tengill á lög nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sjá kafla III um eingreiðslur: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>

Hér er tengill á heimasíðu Orkuseturs með ýmsum fróðleik um raforku og húshitun: <https://orkusetur.is/>